

Greinargerð út frá niðurstöðum innra mats fyrir skólaárið 2021-2022

Umbótaþættir og framgangur umbóta:

Innra mat.

Virkja þarf hlutverk tengiliða meira, t.d. með aðkomu foreldrafélags að virkni tengiliða.

- Á aðalfundi foreldrafélagsins í haust voru tengiliðir úr hópi foreldra sérstaklega boðaðir. Að loknum aðalfundarstörfum var hópavinna þar sem tengiliðir og aðrir fundarmenn ræddu hlutverk tengiliða í skólastarfinu og komu með hugmyndir og breytingatillögur á starfi tengiliða skólans. Stjórn foreldrafélagsins tók niðurstöðurnar um breytt hlutverk tengiliða saman og þær voru síðan birtar á heimasíðu skólans og kynntar foreldrum.

Leita þarf leiða til að virkja forsjáraðila í að móta skólastarf í samvinnu við skólann. Gera ráð fyrir samvinnu og samskiptum við nærsamfélagið þegar nám er skipulagt í upphafi skólaárs/annar.

- Ekki var unnið að því formlega á þessu skólaári, en tryggja þarf að kennarar hugi að þessum þætti við vinnslu á náms- og kennsluáætlunum næsta skólaárs t. d. með heimsóknum í fyrirtæki. Eins má hugsa sér heimsóknir foreldra í kennslustundir þar sem störf og nærsamfélagið er kynnt.

Sóknarfæri eru til að nýta nærsamfélagið betur í námi og kennslu. Til dæmis að hver árgangur vinni markvisst að ákveðnu verkefni tengdu

Skagafirði.

- Í nokkrum árgöngum hefur verið tekin upp útikennsla þar sem nærumhverfið hefur verið notað í kennslu. Skipulag verkefna fyrir einstaka árganga hefur ekki verið unnið.

Árleg skimun.

Í árlegri skimun starfsfólks voru eftirfarandi þættir lægri en 80%. Samkvæmt verklagi við innra mat skólans skal vinna að umbótum þeirra.

Ábyrgð nemenda gagnvart námi sínu.

- Þessi þáttur er í samræmi við niðurstöður úr Skólapúlsi þar sem skólinn er undir landsmeðaltali hvað varðar þrautseigju nemenda í námi. Einnig kemur fram í niðurstöðum í ytra mati í október 2021 að þjálfar þurfi nemendur í að setja sér markmið í námi og meta árangur. Ljóst er að vinna þarf markvisst að því bæta þennan þátt með fræðslu til starfsfólks og forsjáraðila, gera náms- og hæfniviðmið sýnilegri og virkja nemendur í að vinna eftir þeim markmiðum sem sett eru hverju sinni. Hluti af þessari vinnu er þegar hafinn með nemendastýrðum foreldraviðtölum. Fyrir viðtölin undirbúa nemendur sig, benda á hvað gengur vel hjá þeim og hvað megi betur fara. Nauðsynlegt er að áætlun um frekari vinnu af þessu tagi verði gerð fyrir næsta skólaár.

Hollustugildi máltíða og fjölbreytni í fæðuframboði í mötuneyti skólans.

- Mikil vinna hefur farið fram í vetur í tengslum við mötuneyti skólans. Í tengslum við breytingar hjá rekstraraðila mötuneytis kom upp mikil óánægja með matinn í mötuneytinu. Fundað hefur verið reglulega með rekstraraðilum í þeim tilgangi að bæta úr. Sú mikla vinna hefur skilað

árangri og samkv. foreldrakönnun nú í janúar 2022 er viðhorf gagnvart matnum í mótuneytinu á góðri leið upp á við.

Umhverfissjónarmið, s.s. flokkun sorps, innkaup, fræðsla til nemenda og starfsfólks um umhverfisvernd.

- Unnið hefur verið að flokkun sorps þar sem meðal annars hafa verið settar flokkunarfötur í allar kennslustofur. Leitast er við að kaupa umhverfisvænar hreinlætisvörur að því marki sem hægt er. Á yfirstandandi skólaári hefur ekki náðst að vera með skipulagða fræðslu. Gert er ráð fyrir að farið verði yfir nýjar reglur um sorpflokkun hjá sveitarfélaginu á starfsmannafundi á vordögum.